

Fyrir hjerumbil 2300 árum sagði frædimáður griskur, sem Demokritos hjet, að til væru óendanlega margir heimar, og margar jardir, að öllu likar pessari, sem vjer hyggjum. Demokritos hafði það fyrir mark og mið í lífinu, að afla sjer þekkingar og skilnings. Fór hann á yngri árum viða um lönd, og leitaði upp hina vitrustu menn til pess að kera af þeim. Og þegar menn toludu um, hvoið hann ætlaði ekki að ná í einhverja virðingarstöðu í aðtborg sinni eða annarstaðar, þá sagði Demokritos: jeg met það meira að geta fundið, þótt ekki væri nema eitt orsakarsamband, heldur en að vera konungur yfir Persum. Tók hann til þá tignarstöðu, er mest þótti á jörðu hjer. Og þessi áhugi Demokritos' að leita sannleikans, var ekki árangurslaus; komst hann í skilning um þau slórkostlegu sannindi, sem vikið var á, og önnur, sem áður höfðu verið mönnum ókunn á jörðu hjer.

Og hann sagði frá þessum slórtíðindum og ritaði um þau. En ekkert mark tóku menn á þessum kenningu vitringsins. Hugðu menn þetta fjarlæður svo miklar að þeir töldu að Demokritos væri brjálaður orðinn; það er að segja, þeir sem annars veittu honum nokkra eftirtekt. En allur fjöldinn vissi alls ekkert um Demokritos eða kennningar hans. Og jafnvel ekki af frædimönnum sinnar aldar var Demokritos talinn með höfuð-spekingum, þó að nafn hans yrði síðar mjög frægt. Jeg kom til Ápenuborgar, segir Demokritos, og enginn pekti mig þar. Borgin, sem hann nefndi, var mest visindaborg á jörðu hjer þá. Og Demokritos var raunar mestur spekingur hinnar merkilegu grisku þjóðar, og saga hans merkilegasti þátturinn í einum af merkilegustu köflum mannkynssögunnar, viðleitni vitringanna grisku til að átta sig á sjálflum sjer og heiminum.

Í Demokritos hafði mannsandinn komist á brautina til rjettra framfara. En hjer sönnuðust eins og oftar orð Lamarekes: þó að það sje erfitt að finna ný sannindi, þá er það samt enn þá miklu ersíðara að fá aðra til að sjá að ný sannindi sjeu fundin. Fylgisleysi mannanna við vitringana, eða þá, sem sannleikans leita, stendur mannkyninu enn þá miklu meir fyrir þrifum, heldur en sjálfsíðuleikarnir á að finna sannleikann, þó að miklir sjeu. Grikkir gáfu ekki gaum að orðum Demokritos', og hin mikla slysaöld kom yfir þessa snildarþjóð, Pelops-eyjarófriðurinn. Varð ófriður sá því nær þrjátíu ára strið, og braut öll segurstu blóm grískrar menningar. Sótti eftir það aldrei eins vel í framfarahorsfð og áður hafði verið. Og jafnvel ekki Aristoteles hafði vitorku til að ávaxta arsinn eftir Demokritos, og færa sjer í nyt svo sem þurfti (og mannkyninu) sannindi þau, er hann hafði fundið.

Pað var ekki sýr en hjerumbil 2000 árum eftir daga Demókrítos', sem tekið var til þar sem þessi höfuðvitríngur hafði frá horsið. Brúnó hjet sá, sem það gerði. Sagði hann að sólkerfin væru óendanlega mörg, og mannkyn á mörgum hnöttum óðrum en þessum, sem vjer byggjum. Brúnó var italskur, en hefur líklega átt kyn sitt að rekja til forn-griskra spekinga og til Norðmanna, Rögnvaldar Mærajarls, sem marga niðja mun hafa átt á Suður-Ítalíu. Mun Brúnó hafa verið frændi þeirra Sæmundar, Ara og Snorra og Hróðgeirs Bákna hins enska.

Ekkert mark tóku menn á orðum Brúnós. Fór hann land úr landi við litinn orðstír og varð ekki vel til vina. Olli það mest, að menn fundu það á Brúnó, að hann póttist vera hinn mesti visindamaður; póttist hann eiga dóum sinn um sjálfan sig undir sjer sjálfum, en ekki undir samtíðarmönnum sínum; tóku menn því illa og vildu láta hann lúta í þessu annara dóum, unnu honum ekki sjálfðæmisi¹⁾. Og þegar hann fór að tala um að fastastjörnurnar væru sólir — og hann gerði það oft — þá var sagt að nú væri að slá út í syrir honum. Minnist Brúnó á þetta af mikilli reiði í riti því, sem nefnist öskudagsveislan.

Pað verður ekki sjeð að nokkurn einn af samtíðarmönnum Brúnós hafi grunað, að það var upphaf nýrrar aldar og stefnan til sigurbrautar, sem hinn fáteki pakherbergismaður var að boða. Ekki einn mann fekk hann í fylgd með sjer. Og svo fóru leikar, að þegar hann var 44 ára, var hann tekinn og settur í varðhald; og átta árum seinna, 17. febrúar, 1600, var hann brendur á báli, í Rómahorg. Er mordið á Brúnó eitt hið fávislegasta og mesta niðingsverk, sem unnið hefir verið á jörðu hjer.

1) Úr Þurða er að sjá, að hve lítlum skilningi jafnvel merkismenn hafa ritat um »sjálfsheilni« Brúnós. Sá skilningur á sjer og sinu starfi, sem hann bjelt fram með góðugmannlegu sjálfstrausti, gegn þeiri skóðun samtíðarinnar að hann væri einskisverður eða jafnvel skaðraðismaður (eins og seinast var halddið), hefur reynst alveg rjettur. Hugsanir Brúnós voru með því allra merkilegasta og þýðingarmesta, sem verið hefur á jörðu hjer. Og þær hefðu verið mjög vinsælar, ef menn að eins hefðu skilið þær. Því að hvað ætti að vera vinsælt heldur en það, að hafa fundið leið að þeim skilningi, að hver einstakur sjevisir til þess, sem á að verða óendanlegt?

III.

Eftir dauða Brúnós hefst slysaöld í Evrópu einhver hin mesta. Það má minna hjer á, að nokkrum árum eftir hið hryllilega morð á hinum mikla vísindamanni og lækni Servetus, hafði Hinrik 2. Frakkakonungur, sem náttúrlega hefði átt hægt með að koma í veg fyrir petta niðingsverk Calvíns, fengið tiltakanlega slysalegan og kvalafullan dauðdaga. Og nokkrum árum eftir morðið á Brúnó fer á lika leið. Frakkakonungur, Hinrik 4., fær óvæntan og slysalegan dauðdaga. En konunginum hefði verið það innanhandar að sjá um, að ævi Brúnós hefði orðið betri, og starf hans auðveldara og mannkyninu að meiri notum en varð.

En árið, sem Brúnó hefði orðið sjötugur, hefst þrjátíu ára striðið. Hefur Evrópa aldrei rjett við til fulls eftir þá hryðjuverka og hrakfara öld. Ekkert þrjátíu ára strið hefði orðið, og 17. öldin öll önnur, ef Evrópa hefði þegar á dögum Brúnós áttáð sig á því, að þarna var einn af leiðtogum mannkynsins, og að hann var einmilt að tala um það, sem þurfti að vita, til þess að rata ekki í þá ógæsu, sem yfir vorði.

Menn rita stundum (t. a. m. frú Annie Besant) eins og Brúnó hafi verið mjög frægur maður um sína daga. En það er auðvelt að sýna, að það er mestli misskilningur. Brúnó fer ekki að verða frægur fyr en á öldinni sem leið; og ennþá skortir mikil að menn skilji til fulls hugsanir hans og færí sjær þær í fyt eins og vert væri.

IV.

Mörg dæmi mætti nefna önnur en þau, sem nú hafa verið talin, til að sýna fram á það lögsmál í sögu mannkynsins, sem nú skal greina. Verstu slysa- og hörmungajelin, sem á mönnunum hafa dunið, hafa komið þegar flutt höfðu verið þau sannindi, sem næst komust rjettri átt, en ekki verið gaumur gesinn; stundum jafnvel ofsóttir og píndir til dauða þeir, sem orðið hefðu getað leiðtogað mannkynsins út úr vandræðunum. Því að það er ekki ofmælt, að úr vöndu sje að ráða og i óefni komið. *Saga lífsins á jörðu hjer* hefur verið saga varandi ófagnumdar. Og hin hugsandi vera, veran sem fyrst getur áttáð sig á sjær sjálfri, sem átti að skilja tilgang lífsins og gera jörðina að heimkynni segra og segra lífs, þessi vera hefur brugðist, orðið aumust, kvatið mest og kvalist mest. Vilisstefnan (the infernal line of evolution, það er stefnan til dauða gegnum meiri og meiri þjáningar) er það, sem lísið á jörðu hjer hefur tekið. Það, sem þarf til að breyta stefnunni, er

aukið pekking, uppgötvanir í visindum. Og sumt af pessu liggur í loftinu að heila má og verður vonandi gert á næstu árum.

Pað sem menn liklega einna fyrt munu skilja, er, að »andar« peir, sem menn hafa póstl ná sambandi við á míðilsfundum, eru lífandi menn á öðrum hnöttum. Pað hefði mótt vita petta fyrir hálfri aunari öld; »andar«, sem Emanuel Swedenborg póttist sjá og eiga tal við, sögðu honum afdráttarlaust að peir væru ekki andar í andlegum heimi, heldur menn á öðrum hnötti²). En Swedenborg kom ekki til hugar að láta sannfærast um slika fjarstæðu; kveðst hann hafa átt nærrí því i rifrildi við »andana« til þess að reyna að sannfæra pá um, að peir væru andar, en ekki pað, sem peir kváðust sjálfsir vera. Menn verða að muna eftir því, að þó að Swedenborg væri vitsnillingur í fremstu röð, þá var hann fæddur á 17. öldinni og sonur biskups. Er stórum auðveldara að sjá hið rjetta í pessu efni nú, en á hans dögum var, enda tímí til kominn. Segi jeg það öruggur fyrir, að þegar farið verður að haga tilraunum rjett — en það hefur aldrei getið verið — pá mun ekki langt að biða þess dags, er skýlaus svör fáist þessa míals. Og á þeim degi byrjar nýlt tímabil í sögu jarðar vorrar.

Helgi Pjeturss.

